

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra er samþykkt af sveitarstjórn Húnaþings vestra með vísan til samþykktar nr. 159/2000 um söfnun og förgun úrgangsefna í Húnaþingi vestra.

2. gr.

Sorphirðugjald fyrir árið 2008 er sem hér segir:

Sorpgjald á íbúðarhúsnæði sorphirða á 10 daga fresti	kr. 20.000
Sorpeyðingargjald, sumarbústaðir og íbúðir í dreifbýli þar sem ekki er hirt sorp	kr. 8.200

3. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 13. desember 2007, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum. Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkti á fundi sínum þann 22. janúar sl. að sorpgjald á íbúðarhúsnæði þar sem sorphirða hefst 1. apríl 2008 skuli vera kr. 17.000 vegna ársins 2008.

4. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Hvammstanga, 21. febrúar 2008.

Skúli Þórðarson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 6. mars 2008